



Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1586

komudagur 19/4 1996

Félagsmálanefnd Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 1996

Efni: Frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur

Sambandi veitinga- og gistihúsa hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og hefur stjórn SVG fjallað um það.

Stjórn SVG vísar til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, sem það á aðild að, en vill þar að auki leggja áherslu á eftirfarandi:


SVG hefur lengi fjallað í ræðu og riti um nauðsyn þess að endurskoða vinnulöggjöfina sérstaklega vegna þess hversu ferðapjónustan er viðkvæm fyrir vinnustöðvunum í millilandssamgöngum þar sem ekki er um aðra leið að ræða fyrir erlenda ferðamenn en flugsamgöngur. Um leið og fyrsta verkfallsboðun, eða jafnvel aðeins hótun um verkfall, birtist í fjölmiðlum fara afþantarnir að berast inn á hótelin í landinu.

SVG hefur áhyggjur af því að í frumvarpinu sé ekki næg trygging fyrir því að fámennir hópar geti ekki lamað ferðapjónustuna með vinnustöðvunum.

Ljóst er að ársafkoma margra fyrirtækja í ferðapjónustu byggist á því að hægt sé að reka fyrirtækin ótruflað yfir 2-3 sumarmánuðina.

Það er því tillaga sambandsins að samgönguráðherra fái heimild til þess að fresta vinnustöðvun í millilandssamgöngum um allt að 60 daga krefjist þjóðarhagsmunir þess.

Virðingarfyllt


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri